

# OECD *Multilingual Summaries* Economic Policy Reforms 2016 Going for Growth Interim Report

Summary in Icelandic



Read the full book on: [10.1787/growth-2016-en](https://doi.org/10.1787/growth-2016-en)

## Umbætur á efnahagsstefnu 2016 „Stefnt að vexti“ – áfangaskýrsla

Útdráttur á íslensku

Blikur eru enn á lofti varðandi horfur á efnahagsvexti til skamms tíma: nýmarkaðir eru að missa dampinn, hægt hefur á heimsviðskiptum og batinn í þróuðum hagkerfum lætur á sér standa vegna viðvarandi líttillar fjárfestingar. Þessi áhyggjuefni, sem nú blasa við, eiga sér bakgrunn í víðtækri niðursveiflu í framleiðni og nær sveiflan allt aftur til fyrstu ára aldarinnar – a.m.k. í þróðu hagkerfunum – og lítil merki eru um bata. Samdrátturinn í efnahagsvexti meðal nýhagkerfa undanfarin tvö ár vekur einnig spurningar um getu þeirra til þess að minnka áfram tekjubilið sem er milli þeirra og flestra þróaðra landa. Enn má færa sterk rök fyrir fyrir skipulagsumbótum, ásamt stuðningi við stefnumið um að örva eftirspurn, í því skyni að auka með sjálfbærum hætti framleiðni og atvinnusköpun sem stuðlar að bættu jafnræði.

Í ritinu „Stefnt að vexti“ er sett fram alhliða mat sem ætlað er til þess að auðvelda stjórnvöldum að íhuga hvernig stefnumörkun kynni að hafa áhrif á hagsæld borgaranna og setja saman stefnumið sem best hæfa markmiðum þeirra. Áætlunin „Stefnt að vexti“ gegnir mikilvægu hlutverki í að hjálpa G20-löndum að fylgjast með árangrinum af viðleitni þeirra til þess að efna fyrirheitið sem gefið var árið 2014 um að auka landsframleiðslu (vlf) um 2% og aðlaga hagvaxtarstefnu sína samkvæmt því.

Í áfangaskýrslu þessari er farið yfir helstu úrlausnarefni sem ríki OECD og nokkur valin lönd utan OECD standa frammi fyrir og metinn sá árangur sem náðst hefur undanfarið ár varðandi aðlögun skipulagsumbóta í því skyni að takast á við þau (1. kafli). Þetta er skoðað í ljósi árangursins af landsbundnum forgangsmálum sem bent er á í 2015 útgáfunni af „Stefnt að vexti“. Einnig er rætt um hugsanleg áhrif umbóta sem miða að örvun hagvaxtar til hagsbóta fyrir alla og þjóðhagslegar endurstillingar, þar sem athygli er beint að aðgerðum til að hagræða í ríkisfjármálum, draga úr viðskiptaójöfnuði og minnka tekjuójöfnuð.

Í skýrslunni er einnig fjallað um málefni og merki um áhrif umbóta sem gerðar hafa verið í umhverfi viðvarandi líttillar eftirspurnar og um einstök tilvik með hliðsjón af því hvort þjóðhagfræðileg stefnumið til stuðnings umbótunum séu tiltæk og hversu áhrifarík þau eru (2. kafli). Að lokum er í skýrslunni sett fram mat á tengslunum milli tekna sem leiða af þjóðarframleiðslu og tekna sem dreifast á heimili (3. kafli). Einkum og sér í lagi er skoðað hvernig helstu leiðir sem aukin þjóðarframleiðsla dreifist til heimila hafa þróast á undanförunum tveimur áratugum í löndum OECD.

## Úrlausnarefni við umbætur á stefnumiðum

- Við mörkun stefnu sem miðar að því að bæta velsæld meirihluta borgaranna með sjálfbærum hætti þurfa stjórnvöld um heim allan að takast á við djúpstæða kerfislega veikleika sem fjármálakreppan leiddi í ljós en sem í mörgum tilvikum áttu sér eldri uppruna.
- Samdrátturinn um heim allan í framleiðni hefur einkennst af breikkandi bili í framleiðniaukningu meðal fyrirtækja innan atvinnugreina, einkum milli framlínufyrirtækja – fjölbjóðlegra fyrirtækja sem hafa viðhaldið stöðugri framleiðniaukningu – og fyrirtækja sem vel aftan við framlínu framleiðninnar.

Forgangsmál er að fjarlægja hindranir sem kæfa frumkvöðlastarfsemi og takmarka getu fyrirtækja til þess að gera sér sem mestan mat úr dreifingu þekkingar og tækni.

- Að draga úr atvinnuleysi er enn meiri háttar viðfangsefni fyrir mörg lönd, einkum í Suður-Evrópu og Mið-Evrópu, þar sem langatímaatvinnuleysi er enn sérstaklega áberandi. Önnur lönd hafa staðið frammi fyrir hlutfallslega miklu brotthvarfi af atvinnumarkaðinum (t.d. Bandaríkin), lítilli þátttöku kvenna í atvinnulífinu (Kórea og Japan) eða mikilli tíðni óformlegrar atvinnu (flest nýmarkaðshagkerfi). Ef hagvöxturinn á að gagnast sem flestum er forgangsmál að taka á þessum viðfangsefnum.

## Árangur á árinu 2015

- Jafnvel þótt árangur hafi náðst af því að taka á nokkrum helstu úrlausnarefnum hefur niðursveiflan í hraða umbótanna, sem vart varð á árunum 2013-2014, haldið áfram árinu 2015, jafnvel að teknu tilliti til aðgerða sem eru í undirbúningi en hafa ekki enn komnar til fullrar framkvæmdar.

- Hraði umbótanna hefur verið breytilegur bæði milli landa og málaflokka.
- Hann er áfram almennt meiri í löndum Suður-Evrópu (einkum Ítalíu og Spáni) en í norðlægari Evrópulöndum. Utan Evrópu eru Japan, í hópi þróaðra hagkerfa, og Kína, Indland og Mexíkó, í hópi nýmarkaðsríkja, meðal þeirra landa sem gripið hafa til tiltölulega víðtækra aðgerða á grundvelli tilmæla sem tengjast áætluninni „Stefnt að vexti“.
- Til hlutfallslega fleiri aðgerða hefur verið gripið sem miða að því að auka þátttöku kvenna á vinnumarkaði og bæta árangur í menntun, en minna ber á aðgerðum á sviði nýsköpunarstefnu, skilvirkni hins opinbera eða eftirlits með vöru- og vinnumarkaði.

- Í löndum þar sem tekjujöfnuður er sérstakt áhyggjuefni eru flestar aðgerðir sem gripið hefur verið til varðandi forgangsstefnumið líkleg til þess að stuðla að því að minnka bilið milli tekjuhópa. Hins vegar eru nýlegar aðgerðir sem miða að því að auka hagvöxt ólíklegar til þess að hjálpa löndunum með mesta viðskiptahalla að draga úr ytri viðskiptaójöfnuði sínum.

## Umbætur í umhverfi lítillar eftirspurnar

Í andrúmslofti hóflegra væntinga um góðar efnahagshorfur má færa góð rök fyrir því að setja í forgang umbætur sem auk þess að örva atvinnusköpun og framleiðni gætu sem best stutt við efnahagsstarfsemi til skamms tíma.

- Jafnframt því að auka opinbera fjárfestingu geta slíkar umbætur falið í sér að draga úr aðgangshindrunum í þjónustugreinum sem sýna merki um uppsafnaða eftirspurn, umbætur á sviði réttinda til heilbrigðisþjónustu og lífeyris, svo og umbætur í húsnæðisstefnu og áætlanir um aðstoð við atvinnuleit til þess að greiða fyrir hreyfanleika vinnuafis milli staða og starfsgreina.
- Til þess að auka ávinninginn til skamms tíma af skiplagsumbótum þarf einnig að takast á við þá röskun sem enn gætir á fjármálasviðinu til þess að auka streymi lánsfjár til heimila og fyrirtækja sem takmarkaðan aðgang hafa að fjármálamörkuðum.
- Á evrusvæðinu gæti bætt samstilling umbóta einnig hjálpað til þess að draga úr kostnaðinum af umbreytingum með því að veita meira svigrúm í peningastefnu til þess að minnka líkur á hugsanlegri hækkun raunvaxta vegna verðbólgu.
- Í löndum þar sem svigrúm á fjárlögum er mjög takmarkað kann að vera þörf á að setja í forgang atriði sem stuðla að sem mestum skammtímaávinningi eða sem hafa minnstan kostnað í för með sér og tryggja að önnur atriði verði fjármögnuð með aðferðum sem sist bitna á atvinnustigi og hagvexti.

## Vöxtur vergrar landsframleiðslu og samanlagðar heimilistekjur

- Raunveruleg verg landsframleiðsla hefur haft tilhneigingu til þess að vaxa umfram heimilistekjur í flestum löndum OECD frá miðjum tíunda áratugnum til 2013.
- Þessi vaxtarmunur er að hluta til vegna þátta sem stefnumörkun vinnur illa á, einkum og sér í lagi vegna þess að neysliverð (að meðtöldum virðisaukaskatti) hefur haft tilhneigingu til þess að hækka í samanburði við framleiðsluverð á því tímabili sem um ræðir og eru einu undantekningarnar í því efni útflutningslönd hrávöru, eins og Noregur, Ástralía og Kanada.

- Hlutdeild heimilistekna í vergri landsframleiðslu, sem skilgreind er sem hlutfall ráðstöfunartekna heimilanna af óleiðréttri vergri landsframleiðslu, hefur verið stöðug á tímabilinu sem um ræðir og að meðaltali í öllum löndum OECD. Þetta meðaltal dylur sundurleitnina bæði að því er varðar stig og þróun milli landa, því mikla hnignun má merkja í Austurríki og Kóreu en mikla aukningu í Slóvakíu og Finnlandi.
- Þróun hlutdeildar heimilistekna í vergri landsframleiðslu má meta með því að líta á hlutdeild vinnuframlagstekna heimilanna, fjármagnstekna og aukatekna (þ.e. hreinna yfirfærslna frá hinu opinbera) í vergri landsframleiðslu. Í fjölda landa hefur orðið vart samhliða hnignunar í hlutdeild atvinnutekna í vergri landsframleiðslu og í hlutdeild fjármagnstekna sem renna til heimilanna, sem bendir til þess að vaxandi arðshlutdeild hafi verið haldið eftir af fyrirtækjum í stað endurdreifingar til heimilanna.
- Þó eru engin augljós tengsl milli breytinganna á tekjudreifingu milli heimila, fyrirtækja og hins opinbera í hagkerfinu, annars vegar, og vaxandi tekjujöfnuðar meðal heimilanna sem vart hefur orðið í mörgum löndum OECD.

© OECD

**Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.**

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

**Fjöltýngdir útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.**

**Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD** [www.oecd.org/bookshop](http://www.oecd.org/bookshop)

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: [rights@oecd.org](mailto:rights@oecd.org) eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)

2 rue André-Pascal, 75116

Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar [www.oecd.org/rights](http://www.oecd.org/rights)



**[Read the complete English version on OECD iLibrary!](#)**

© OECD (2016), *Economic Policy Reforms 2016: Going for Growth Interim Report*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/growth-2016-en